

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um afhending umboðsjarða.

1861.

11. janúar.

Þær hafð, herra amtmaður í bréfi 2. júlím., er síðast leið, samkvæmt tilmælum dómsmálastjórnarinnar í bréfi 25. nóvembermánaðar 1857, skýrt frá, hverjar ráðstafanir þær hafð gjört til þess, að hinar konunglegu umboðsjarðir í Stranda sýslu yrðu af hálfu dánarbús Vigfúsar Thorarensens sýslumanns, afhentar Jóhannesi sýslumanni Guðmundsyni.

Af bréfi yðar, og skýrslu þeirri er því fylgdi um ásigkomulag jarðanna sést, að ekki hefir framfarið nein almenn skoðunargjörð á umboðsjarðunum eður úttektargjörð við hin síðustu umboðsmanna skipti, og alls ekki síðan árið 1828, þá er Johnsen kammerráð tók við umboðinu; en með því jarðirnar eru sæmlega vel setnar, ábúendurnir yfir höfuð fullveðja og þeir í byggingarbréfunum eru skyldaðir til, þegar þeir hætti ábúðinni, að skila jörðinni annaðhvort í álagsfríu standi eða með nægu ofanálagi, og með því þess er nákvæmlega gætt, í hvert sinn, er ábúandaskipti verða, að skoðunar- og úttektargjörð sé haldin yfir hverja jörð, þá hafð þær látið það í ljósi, að það sé hvorki nauðsynlegt til þess að tryggja réttindi ríkissjóðsins, eður hagfellt nú sem stendur, að láta fram fara reglulega skoðunar- og úttektargjörð á jörðunum; þar á móti heitið þær því, að ef dómsmálastjórnin æski þess, skulið þær framvegis annast um, að slík skoðunar- og úttektargjörð fari fram í hvert skipti, sem umboðsjarðirnar verði afhentar nýjum umboðsmanni.

Í þessu efni lætur dómsmálastjórnin yður vita, yður til leiðbeiningar, að eptir þeim skýrslum um málið, sem fram eru komnar, þykir ekki ástæða til að fyrir skipa, að nú skuli fram fara regluleg skoðunargjörð á jörðunum, eptir að þegar eru liðin 5 ár frá dauða Vigfúsar Thorarensens, er hafði umboðið á hendi, og að ekki þykir heldur vert, einkum vegna kostnaðar þess sem af því leiðir, að ákveða það sem reglu er eigi megi út af bregða, að í hvert skipti, er nýr umboðsmaður tekur við umboðinu, skuli slík skoðunargjörð framfara; en til þess að hafa yfirlit yfir ásigkomulag jarðanna svo sem með þarf, virðist

1861. vera hagkvæmt, að amtmaður við sérhver umboðsmanna skipti 11. janúar. láti senda sér nákvæma skýrslu um ásigkomulag jarðanna, um það hvort ábúendur seu fullveðja, og um annað það, sem athuga-vert er, og ef skýrsla þessi vekur grun um, að sá er lætur af hendi umboðið hafi verið svo hirðulaus, að honum verði gefin sök á, eða ef sá, er tekur við umboðinu æskir þess til tryggingar fyrir sjálfan sig, þá á að hlutast til um, að regluleg skoðunargjörð fram fari; svo á og ætíð að senda stjórninni skýrslu um ásigkomulag umboðsjarðanna.

22. janúar. **5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptsyfirvaldanna á Íslandi, um endurreisn fallinna ásaudarkúgilda á lènskirknajörðum.**

Það er yður kunnugt herra stípamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að hið síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá til konungs farið þess á leit, að nokkur styrkur verði veittur úr ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð genginn, til að koma upp aptur ærkúgildum á lènskirkjujörðunum á Íslandi, þegar stíptsyfirvöldin mætti állíta eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að kúgildin væru fallin, án þess landsetanum eða prestinum væri um að kenna, eða þó þetta hafi ekki átt sér stað, ef hvorki presturinn né leiguliðinn hafa efni til að setja kúgildin inn aptur.

Þó það sé vitaskuld, að ekki verði gjört út um málefni þetta fyr en nægar skýrslur eru fengnar um, hversu mörg kúgildi hafi farizt, og um önnur atvik, er að því lúta, hvernig slíkt hafi til borið, þá þykir samt sem áður við eiga, eptir því sem málinu er komið, að fara nú þegar um það nokkrum orðum:

Eins og það eptir edli málsins hlýtur að vera ríkissjóðnum óviðkomandi að koma upp aptur, svo sem farið er fram á í bænarskrá alþingis, ásaudarkúgildunum á lènskirknajörðum, þannig verður eigi heldur, eins og alþingi hefir gjört, þessu til styrkingar með nokkrum rökum skýrskotað til þess, að hið opin-